

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar: <https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögunum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mgr. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekki <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinars Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



Óli Halldórsson, formaður nefndar

Fundur sveitastjórna og hagaðila með þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

8. janúar 2019, Skaftafelli kl. 13:00

Með fulltrúum Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps og Hornafjarðar

Fundinn sátu:

Skaftárhreppur:	Eva Björk Harðardóttir og Jóna Björk Jónsdóttir
Mýrdalshreppur:	Þorbjörg Gísladóttir
Hornafjörður:	Matthildur Ásmundsdóttir og Ásgerður K. Gylfadóttir
Þverpólítísk nefnd:	Vilhjálmur Árnason og Óli Halldórsson. Steinar Kaldal, starfsmaður nefndar/umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Óli Halldórsson stýrði fundinum og fundarpunkta ritaði Steinar Kaldal.

Til fundarins var boðað af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Óskað var eftir fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga til viðræðna og jafnframt að sveitarfélögin boðuðu þá hagaðila sem þau kysu til fundarins. Í upphafi fundar var greint stuttlega frá starfi nefndarinnar og skyldum hennar. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að skila tillögum að útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í október 2019. Fundur þessi er liður í röð átta sams konar funda sem haldnir eru umhverfis miðhálandið um land allt í janúar 2019.

Fundarpunktar

Almennt – viðhorf/aðstæður/hagsmunir:

- Mikilvægt að hafa í huga að viss nytjaréttindi eru til staðar á þessu svæði (helst beit og veiði). Mikilvægt að þessi réttindi tapist ekki.
- Bændur á svæðinu sem voru tortryggir þegar Vatnajökulsþjóðgarður (VJP) var stofnaður eru það ekki lengur heldur almennt sáttir. T.d. hjálpast landverðir og bændur að í ýmsum málum, s.s. smölun og eftirliti með landi.
- Væri gott að ná samtali við bændur á svæðinu um þessi mál. T.d. er ljóst að það verður krafa um að áfram megi beita og smala á fjórhjólum. Auk þess er eðlilegt að þjóðgarður taki þátt í fjallskilum.
- Innan ferðaþjónustu heyrast þau sjónarmið að hálandisþjóðgarður sé spennandi.
- Í Skaftárhreppi t.d. almenn ánægja með VJP og ríkið komið að ýmsum málum þar og fjármagnað úrbætur sem voru utan ábyrgðarsviðs sveitarfélagsins (svæðum þar sem þurfti t.d. innviðagerð).
- Skýra þarf atvinnustefnu frá því sem hefur verið í VJP. Þau eru ekki í góðum farvegi en er mikilvægt að verði vandað til í nýjum þjóðgarði.

- Af hverju er ekki hugað betur að því sem þarf að laga í VJP áður en haldið er áfram með þetta verkefni? T.d. klósettmál.
- Margt vel gert í Jökulsárlóni eftir að það kom inni í VJP og margt líka vel gert í Skaftafelli. En atvinnustefna er mjög mikilvæg, t.d. er ekki gott ástand varðandi þann þátt í Jökulsárlóni.
- Almennt samráð við sveitastjórnir í þessu máli er mikilvægt og dreifstýring í svona garði er mjög mikilvæg. Eins þarf að huga vel að því hvernig svæðisráðin eru samsett, ef á að nota þau sem fyrirmynd. Ef þau eru of stór þá verða þau minna skilvirk.
- Andstaða er meðal Hornfirðinga gagnvart háspennulínunum í byggð og því þarf að passa upp á að stærri þjóðgarður loki ekki á línuleiðir yfir miðhálandið.

Innviðir og gáttir:

- Skálafellsleið upp á jökul þarf að vera fær og haldið við. Mikil umferð þar. Erfitt að komast í Lónsöræfi-óbrúað.
- Mikilvægt þó að betri samgöngur eru ekki alltaf betri kostur, sbr. Lakagíggar og árnar sem þarf að komast yfir til að komast inn á það viðkvæma svæði.
- Hægt að sjá fyrir sér öflugra upplýsingamiðstöð í Hólaskjóli.
- Þarf að vanda uppbyggingu inn í væntanlegum þjóðgarði og hugsa hana með tilliti til náttúruverndar og dreifingar gesta.
- Mega t.d. ekki vera of margar aðkomuleiðir á sama svæði, en þar sem eru aðkomuleiðir þarf að vanda vel til verka og vera með gott upplýsingaflæði.
- Samstarf (public private partnership):
 - Stafafell er dæmi þar sem samstarf ætti að geta virkað vel. En það er flókið.
 - Heiði er annað gott dæmi.

Möguleg mörk þjóðgarðs:

- Fram kom að mörkin gætu legið um þjóðlendur.
- Hvernig er með Kötlu Geopark? *Svar: Stór hluti hans er nú þegar innan VJP. Þar af leiðandi yrði væntanlega enn stærri hluti hans innan stærri þjóðgarðs á miðhálandinu. Samstarfið yrði þá líklega á sömu nótum og er nú á milli jarðvangsins og VJP.*

Fleira var ekki rætt.

Fundi lauk kl. 15:00

15. febrúar, 2019

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaðróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar: <https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mgr. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekk <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinar Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



Óli Halldórsson, formaður nefndar

Fundur sveitastjórna og hagaðila með þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

9. janúar 2019, Egilsstöðum kl. 10:30

Með fulltrúum Djúpavogshrepps, Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs

Fundinn sátu:

Fljótsdalshérað: Þórhallur Þorsteinsson Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, Aðalsteinn Jónsson Náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs, Eyrún Arnardóttir í svæðisráði Vatnajökulspjóðgarðs f.h. Fljótsdalshéraðs, Guðfinna Harpa Árnadóttir umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótsdalshéraðs

Djúpavogshreppur: Gauti Jóhannsson sveitastjóri Djúpavogshrepps

Fljótsdalshreppur: Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti Fljótsdalshrepps

Skógræktin: Lárus Heiðarsson skógræktarráðgjafi.

Þverpólítísk nefnd: Líneik Ósk Sævarsdóttir og Óli Halldórsson. Steinar Kaldal, starfsmaður nefndar/umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Óli Halldórsson stýrði fundinum og fundarpunkta ritaði Steinar Kaldal.

Til fundarins var boðað af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Óskað var eftir fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga til viðræðna og jafnframt að sveitarfélögin boðuðu þá hagaðila sem þau kysu til fundarins. Í upphafi fundar var greint stuttlega frá starfi nefndarinnar og skyldum hennar. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að skila tillögum að útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í október 2019. Fundur þessi er liður í röð átta sams konar funda sem haldnir eru umhverfis miðhálandið um land allt í janúar 2019.

Fundarpunktar

Almennt – viðhorf/aðstæður/hagsmunir:

- Fram komu efasemdir varðandi skipulagsmál og hvernig þeim yrði háttað í þjóðgarðinum. Hvernig yrði skipulagshlutverk sveitarfélaga miðað við núverandi stöðu – Mikilvægt að boð kæmu ekki „að ofan“ heldur væri aðkoma heimamanna grundvallaratriði.

- Lögð áhersla á að svæðisráð (ef nýst verður við það form) verði virk. Fram komu skoðanir um að í VJP væru þau veik. Einnig komu fram athugasemdir um að svæðisráðin væru ekki veik heldur störfuðu af krafti.
- Fram komu þau sjónarmið að valdið til ákvarðanatöku í þjóðgarði ætti að vera hjá sveitarfélagi en samráð um ákvörðun ætti að vera við þjóðgarð. T.d. ætti úthlutun lóða að vera í nærsamfélaginu.
- Bent var á mikilvægi þess að beitaréttur og veiðiréttur væri virtur. Ekki vandamál með beit í Vatnajökulsþjóðgarði (VJP) en íþyngjandi ákvarðanir hafi verið teknar þar varðandi viss veiðisvæði innan garðsins sem læra megi af. Einnig varðandi umferð um ýmsa slóða innan garðsins.
- Talað var um að hægt hefði gengið að vinna að framgöngu VJP – atvinnustefna lægi ekki fyrir og markaðsetning væri lítil sem engin. Þetta þyrfti að lagfæra og hafa í huga strax að ef stofna ætti stærri þjóðgarð.
- Fram kom það sjónarmið að ekki væri gert nógu vel í náttúruverndarverkefnum almennt, fjármagn vantaði, og því væri erfitt að sjá hvernig fara ætti af stað í þjóðgarðsverkefnið.
- Einnig var bent á að það væri að koma fjármagn í náttúruverndarverkefni landið um kring í VJP þó gera mætti betur. Hins vegar væri það fjármagn að aukast.
- Skortur á fjármagni til ýmissa verka innan þjóðgarðs er vandamál í VJP – Nauðsyn að auka við fjármagn ef á að stofna stærri garð.
- Einnig kom fram að þó fjármagn væri af skornum skammti í VJP hefði ríkið komið með fjármagn inn í ýmsa innviðagerð sem ekki ætti að falla á sveitarfélögin eða þau hefðu ekki burði til að standa í.
- Fram komu spurningar um hvaða áhrif þjóðgarður hefði á hálendisveg og línumannvirki. Það þyrfti að liggja fyrir og nefnd þyrfti að svara því í sínum tillögum.

Innviðir og gáttir:

- Fram komu þau sjónarmið að vegslóðum í VJP væri lokað á forsendum náttúruverndarsjónarmiða en að í raun væri þeim lokað vegna skorts á fjármagni til viðhalds. Þá væri erfitt að sjá hvernig ætti að viðhalda slóðum á enn stærra svæða.
- Þyrfti að huga betur að Fljótsdalsheiðinni. Þar væri nú þegar töluverð umferð.
- Nefnt var að dagsumferð hefur verið að aukast á hálendinu en gistinóttum fækka og því þurfi að huga betur að þjónustu við dagsferðamenn, t.d. við Öskju, Snæfell og í

Kverkfjöllum. Sú þjónusta sem veitt er af ferðafélögum sé ekki sjálfbær og því þurfi að koma til stuðningur ríkisins.

- Vegkaflí frá Aðalbóli inn á Tungusporð (Kárahnjúkaveg) gæti orðið góð gátt inn í þjóðgarðinn.

Möguleg mörk þjóðgarðs:

- Fram komu þau sjónarmið að óraunhæft væri að staðsetja þjóðgarðsmörk við miðhálandislínu (skv. Landsskipulagsstefnu) eða utan um eignalönd sem lægju innan miðhálandislínunnar og frekar ætti að horfa til þess að mörkin lægju um þjóðlendur á svæðinu.
- Fram kom hjá að heppilegt kynni að vera að fylgja útlínunni VJP innan sveitarfélagsins.
- Hugsa þarf til þess að jarðir ganga kaupum og sölu og því þyrfti að hafa það í huga þegar/ef eigendur jarða hafa áhuga á að setja land sitt inn í þjóðgarðinn.
- Spurt var um virkjanir sem fyrir eru á svæðinu (Kárahnjúkavirkjun) – hvort búið væri að velta fyrir sér hvort það svæði færi inn í stærri þjóðgarð eða yrði utan hans. Því til svarað að hægt væri að hugsa sér bæði, þ.e. mörkin yrðu dregin fram hjá virkjanasvæði eða svæðið sett inn í þjóðgarð og þá metið hvaða verndarflokkur væri við hæfi.
- Nefnt var að land innan miðhálandislínu og upp að þjóðlendumörkum félli innan sveitarfélagsmarka Djúpavogshrepps og hafa mætti það svæði í huga þegar hugað væri að mörkum þjóðgarðs.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 12:30.

15. febrúar, 2019

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar: <https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögunum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mgr. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekk <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinar Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



Óli Halldórsson, formaður nefndar

Fundur sveitastjórna og hagaðila með þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

9. janúar 2019, Laugum kl. 16:00

Með fulltrúum Þingeyjasveitar, Skútustaðahrepps og Norðurþings

Fundinn sátu:

Þingeyjarsveit: Dagbjört Jónsdóttir (einnig nefndarmaður í þverpólítískri nefnd)
Jóna Björg Hlöðversdóttir, Arnór Benónýsson.

Skútustaðahreppur: Anton Freyr Birgisson, Sigurður Böðvarsson, Þorsteinn Gunnarsson.

Norðurþing: Kristján Þór Magnússon, Gaukur Hjartarson.

Ferðamálasamtök Þingeyjasveitar: Helga Arngrímsdóttir

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga: Guðrún Tryggvadóttir

Þverpólítísk nefnd: Líneik Ósk Sævarsdóttir og Óli Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir (sat einnig sem fulltrúi Þingeyjasveitar).
Steinar Kaldal, starfsmaður nefndar/umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Óli Halldórsson stýrði fundinum og fundarpunkta ritaði Steinar Kaldal.

Til fundarins var boðað af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Óskað var eftir fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga til viðræðna og jafnframt að sveitarfélögin boðuðu þá hagaðila sem þau kysu til fundarins. Í upphafi fundar var greint stuttlega frá starfi nefndarinnar og skyldum hennar. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að skila tillögum að útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í október 2019. Fundur þessi er liður í röð átta sams konar funda sem haldnir eru umhverfis miðhálandið um land allt í janúar 2019.

Fundarpunktar

Almennt – viðhorf/aðstæður/hagsmunir:

- Stærðin á fyrirhuguðum þjóðgarði er stór áskorun. Það þarf að huga vel að svæðaskiptingu (í verndarflokka) innan garðsins.

- Áframhaldandi hefðbundin nýting (beit, veiði) er mikilvæg og tryggja þarf hana áfram.
- Afar mikilvægt að skipulagshlutverk sveitarfélaga sé áfram hjá þeim.
- Mikilvægt að sveitastjórnastigið komi að svæðisáðum. Má ekki slitna tengingin þar á milli.
- Þetta er stór hugmynd. Þyrfti að hugsa um að byrja á smærri svæðum við gáttirnar.
- Þurfum að huga að sérkennum hvers svæðis á miðhálandinu.
- Markmiðin þurfa að vera skýr.
- Það þarf að fylgja þessu vinna í heimabyggð.
- Almennt séð er sveitastjórn jákvæð en út frá stjórnsýslu þá hræða spörin. Rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP) er erfiður, það vantar landvörslu og innviðagerð.
- Það eru hugmyndir um stóra stofnun samhliða þessu. Það þarf að huga að því hvernig þetta tvennt fer saman.
- Maður veltir fyrir sér stjórnskipaninni. Verður hún eins og í VJP. Það virkar þungt.
- Atvinna og atvinnuuppbygging nærsvæðis verður að fylgja þjóðgarðinum. Eiga að vera aðalmarkmiðin. Því þarf að leggja mikla áherslu á leyfismál. Þau eru í ólestri í VJP.
- Það þarf að bjóða upp á staðbundna fræðslu.
- Það þarf að leggja áherslu á uppgræðslu. Græða auðnina upp ekki vernda hana.
- Orðaval og markmið skipta gríðarlegu máli. Þarf að vanda það við markmiðssetninguna.
- Markmiðin eiga að vera: Atvinna, aðgengi, útivist. Þarf að vera skýr langtímasýn.
- Það þarf að liggja fyrir hvernig á að fjármagna þetta verkefni.
- Nr. 1, 2 og 3 þá þarf að vera til staðar fjármagn. Þá eru mikil tækifæri til staðar.
- Það mun verða til samhæfð sýn á þetta landsvæði með þessu verkefni. Það er mjög mikilvægt og mikil tækifæri sem felast í því.

- Þjóðgarðurinn má ekki vera of háður sértekjum. Ríkið þarf að koma að þessu.

Innviðir og gáttir:

- Þetta þarf að vera byggðaaðgerð. Gáttir inn í þjóðgarðinn skipta miklu máli. Á þessu svæði er Bárðardalur og Bárðardalsvegur vestari (Fosshóll) helsta gáttin. Mikilvægt að með þjóðgarði verði viðunandi samgöngur tryggðar við þessar megin aðkomuleiðir, þ.m.t. með bundnu slitlagi Bárðardalsvegar.
- Ein af meginþjónustumiðstöðvum þjóðgarðs á miðhálandi þarf að vera við gáttina inn á Sprengisandsleið, þ.e. við Fosshól. Hægt að byggja upp og starfrækja í samhengi við brýna þörf á landvörslu og innviðum við Goðafoss.
- Vegna legu og hæðar yfir sjáarmáli verður byggðin við Mývatn – íslenskt hálendisþorp - alltaf stór gátt inn á norðaustanvert hálendið. Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð er gert ráð fyrir gestastofu þjóðgarðs í Mývatnssveit sem þarf að haldast áfram.
- Skiptir þjóðina miklu máli að á svæðinu sé tekið vel á móti ferðamönnum og að við komumst á það stig að fólk átti sig á nýtingarmöguleikum þjóðgarðs.
- Flokkun vega á miðhálandinu. Flokkun á getu vega til að taka við umferð og einnig þarf að greina hvaða lagfæringar þurfa að eiga sér stað.
- Stofnun þjóðgarðs má ekki koma í veg fyrir að góður vegur verði byggður yfir miðhálandið.
- Mikilvægt að nýta sér þekkingu og áhuga heima fyrir við ýmis þarfamál; landgræðslu, stikun vega, göngustíga, uppbyggingu skála, o.fl.
- Þarf að huga vel að undanþágu við að sækja efni til úrbóta á vegum (t.d. úr Lindá) svo ekki þurfa að sækja það langan veg.
- Þjóðgarðurinn verður að hafa vald yfir vegagerð í garðinum og vera með yfirsýn og ákvörðunarvald yfir hvar þarf fjármagn í vegaúrbætur.
- Orkuflutningur á milli svæða er mikilvægur

Möguleg mörk þjóðgarðs:

- Það er eðlilegt að fylgja þjóðlendulínu þegar mörk þjóðgarðs eru ákvörðuð.
- Svokölluð miðhálandislína er ekki raunhæf á þessu stigi.

- Hins vegar, ef þessu fylgir fjármagn þá getur verið að einkalönd vilji vera með. Ætti að standa til boða en ekki þvinga landeigendur.
- Þá þarf að horfa til samstarfs við landeigendur eða ábúendur jarða í nágrenni þjóðgarðs varðandi umsjón á svæðum. Huga þarf sérstaklega að samstarfi við svæði sem eru og verða alltaf í samskiptum við þá sem fara um vegna staðsetningar/legu; sbr. Svartárvot, Grímsstaðir á Fjöllum, Möðrudalur.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17:55.

15. febrúar, 2019

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar: <https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögunum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mgr. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekk <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinar Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



Óli Halldórsson, formaður nefndar

Fundur sveitastjórna og hagaðila með þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

10. janúar 2019, Hvammstanga kl. 10:15

Með fulltrúum Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps og Borgarbyggðar

Fundinn sátu:

Húnaþing vestra:	Friðrik Már Sigurðsson, Guðný Hrund Karlsdóttir,
Húnavatnshreppur:	Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Jón Gíslason
Borgarbyggð:	Gunnlaugur Júlíusson, Ragnar Frank Kristjánsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Davíð Sigurðsson, Guðmundur Kristinsson

Sjálfseignarstofnun Arnarvatnsheiði og Geitlands: Snorri Jóhannesson

Ferðamálafélag Húnaþings vestra: Sigurður Líndal Þórisson

Þverpólítísk nefnd: Vilhjálmur Árnason, og Óli Halldórsson.
Steinar Kaldal, starfsmaður nefndar/umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Óli Halldórsson stýrði fundinum og fundarpunkta ritaði Steinar Kaldal.

Til fundarins var boðað af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Óskað var eftir fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga til viðræðna og jafnframt að sveitarfélögin boðuðu þá hagaðila sem þau kysu til fundarins. Í upphafi fundar var greint stuttlega frá starfi nefndarinnar og skyldum hennar. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að skila tillögum að útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í október 2019. Fundur þessi er liður í röð átta sams konar funda sem haldnir eru umhverfis miðhálandið um land allt í janúar 2019.

Fundarpunktar

Almennt – viðhorf/aðstæður/hagsmunir:

- Þyrfti að horfa til stjórnfyrirkomulagsins og skoða það út frá svæðum. T.d. er hér stærsta sauðfjárræktarsvæði landsins og bændur af þessu svæði þyrftu að vera í stjórn.

- Lykilatriði að landsvæði verði ekki tekin eignarnámi í tengslum við þjóðgarð – á ekki að vera hægt með reglugerð eða öðru lagaumhverfi þjóðgarðs. Áhyggjur komu fram af efnistöku kynnts frumvarps um þjóðgarðastofnun hvað þetta varðar.
- Mikilvægt að skipulagshlutverk sveitarfélaga sé virt.
- Beitarréttur og landbúnaður er mjög stórt og mikilvægt mál á þessu svæði. Krafa um að ekki verði hróflað við nytjarétti.
- Mikilvægt að bændur geti farið um svæðið á hjólum og hestum.
- Mikilvægt að huga að markmiðunum með þessu; Hver á þróunin t.d. að vera varðandi nýtingu á svæðinu, hvaða innviði á að byggja upp, o.fl.
- Fram kom að landvarsla á svæðinu hefur verið í skötulíki. Það þarf að auka við hana.
- Til að móta sér afstöðu þurfa mörk og markmið að liggja fyrir.
- Lesið upp úr viljayfirlýsingu félagasamtaka og ferðapjónustunnar um þjóðgarð á miðhálandinu þar sem talað er um mikilvægi þess að aðgengi sé tryggt og að hagaðilar sitji í stjórn.
- Fram komu sjónarmið um nauðsyn þess að takmarka almannarétt að einhverju leyti samfara aukinni ferðapjónustu á landinu og styrkja eignarétt einstaklinga. Bent á að umræða um almannarétt væri mikilvæg í þessu samhengi.
- Ábending um að horfa ætti til mismunandi sviðsmynda (friðlýsingarhugmynda) á miðhálandinu.
- Nefnt að eftirlit með þjóðlendum væri ábótavant og þar hafi verið farið í framkvæmdir (skálabyggingar o.fl.) án þess að fá leyfi fyrir því.

Innviðir og gáttir:

- Tækifærin felast í innviðauppbýggingu ekki vernd.
- Ef þetta svæði á að geta nýtt þjóðgarðinn þá þarf að vera hægt að komast betur að honum og þjóða upp á meiri þjónustu.
- Mikil umferð í ísgöngin í Langjökli. Það hefur verið umræða um hver eigi að sjá um eftirlit og fleira þar. Mikilvægt að það verði leyst og þjóðgarður taki almennt að sér hlutverk og kostun á slíkum þáttum sem ekki tilheyra ljóslega öðrum.

- Aðgengi að Arnarvatnsheiðinni hefur verið aukið mjög með byggingu brúar. Það þýðir aukið álag á svæðið. Fram kom að það þyrfti að auka mjög eftirlit þar.
- Nauðsynlegt að bjóða upp á betri innviði og þjónustu á aðkomuleiðum að/í væntanlegum þjóðgarði.
- Ef á að ræða innviði og mismunandi vernd þá væri t.d. gott að setja Stóra sand í meiri vernd en umlykjandi svæði og girða hann af. Myndi vernda svæðið og um leið auðvelda smölun.
- Nefnt að ef verið væri að hugsa um aðgengi þá ætti að horfa til betra vegar að Stóra sandi og þaðan áfram á Hveravelli.
- Bent á að nauðsyn þess að lagfæra Kjalveg. Sjálfsagt og tiltölulega auðvelt væri að koma á bundnu slitlagi á Kjalveginn, sem ekki þurfi að hafa neikvæð áhrif að neinu leyti gagnvart þjóðgarðshugmyndum.
- Nefnt að þjónustumiðstöð/gestastofa fyrir þjóðgarð þyrfti að vera á Hveravöllum.
- Bent á að þjónustumiðstöð norðan megin gæti verið við Blönduvirkjun.
- Einnig komu fram hugmyndir um gátt inn í þjóðgarðinn í Lundarreykjardal eða við Brúarás. Húsafell líka nefnt.

Möguleg mörk þjóðgarðs:

- Tekjur af þjóðlendum fara til sveitarfélaga núna. Mikilvægt að það breytist ekki ef þjóðlendum verður innan þjóðgarðs. Mikilvægt að sömu réttindi haldist.
- Rætt var um hver þörfin væri á verndun svæða, t.a.m. graslendis og heiðarlanda á hálendinu norðan Langjökuls. Fram komu sjónarmið um að mörk hálendisþjóðgarði ættu að liggja utan sveitarfélagamarka norðan megin.
- Fram komu einnig sjónarmið um að almennt væri ekki raunhæft að reikna með stærra svæði en sem nemur þjóðlendum á hálendinu.
- Varðandi umræðu um mörk þá kom fram að hún er ekki tímabær þegar kemur að Arnarvatnsheiðinni þar sem fjármálaráðuneytið áfrýjaði úrskurði þar sem svæði var ekki skilgreint sem þjóðlenda heldur eignaland.
- Fram koma að það eru landeigendur sem hafa kosið að hafa lönd sín að hluta innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs með góðum árangri.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 12:15.

15. febrúar, 2019

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar: <https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögunum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mgr. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekk <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinar Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



Óli Halldórsson, formaður nefndar

**Fundur sveitastjórna og hagaðila með þverpólítískri nefnd um stofnun
þjóðgarðs á miðhálandinu**

11. janúar 2019, Laugalandi kl. 10:00

Með fulltrúum Ásahrepps, Rangárþings ytra og Rangárþings eystra

Fundinn sátu:

Ásahreppur: Brynja J. Jónasdóttir, Valtýr Valtýsson, Egill Sigurðsson

Rangárþing ytra: Ágúst Sigurðsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Rangárþing eystra: Anton Kári Halldórsson, Benedikt Benediktsson

Steinn Másson Fjallskilastjóri Rangárvallahrepps

Ísleifur Jónasson Fjallskilanevnd Holtamannaafréttar

Erlingur Jensson fulltrúi Ásahrepps í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs

Kristinn Guðnason Landmannaafrétti

Karl Ölvisson Holtamannaafrétti

Baldur Björnsson Fjallskilanevnd Vestur-Eyjafjalla

Erlendur Ingvarsson Veiðifélagi Landmannaafréttar

Arnar Gauti Markússon Midgard ferðapjónustu

Hörður Bjarni Harðarson Kötlu Geopark

Viðar Steinarsson Veiðifélagi Rangárvallaafréttar

Sigurgeir Guðmundsson Hálandisnefnd Rangárþings ytra

Þverpólítísk nefnd: Vilhjálmur Árnason, Óli Halldórsson og Valtýr Valtýsson (sat fundinn einnig fyrir hönd Ásahrepps).

Steinar Kaldal, starfsmaður nefndar/umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Óli Halldórsson stýrði fundinum og fundarpunkta ritaði Steinar Kaldal.

Til fundarins var boðað af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Óskað var eftir fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga til viðræðna og jafnframt að sveitarfélögin boðuðu þá hagaðila sem þau kysu til

fundarins. Í upphafi fundar var greint stuttlega frá starfi nefndarinnar og skyldum hennar. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að skila tillögum að útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í október 2019. Fundur þessi er liður í röð átta sams konar funda sem haldnir eru umhverfis miðhálandið um land allt í janúar 2019.

Fundarpunktur

Almennt – viðhorf/aðstæður/hagsmunir:

- Fram kom að ótti væri við að stjórnsýsla væntanlegs þjóðgarðs verði of miðlæg og því væri andstaða gegn hugmyndinni.
- Ótti við að þó stefnt væri að valddreifingu þá myndi draga úr henni með tíð og tíma. Mikilvægt að girða fyrir að það gerist.
- Lögð áhersla á að stjórn svæðisins þurfi að vera í nærumhverfinu.
- Bent á að Veiðivötnum sé stjórnað af heimamönnum og þar sé haldið vel utan um hlutina en Þjórsárverum stjórnað af Umhverfisstofnun og þar sé ekki nógu gott utanumhald.
- Bent á að afréttur á þjóðlendum á þessu svæði væru nýttar til beitar og mjög mikilvægt væri að beitarrétturinn væri virtur.
- Einnig nefnt að mikil uppgræðsla hefði átt sér stað í sjálfböðavinnu. Mikilvægt að þau verkefni fengu að halda áfram. Einnig væri Landgræðslan stór vinnustaður á svæðinu.
- Ef stofna ætti þjóðgarð þá þyrfti að átta sig á að þetta væri þjóðgarður með áherslu á orðið „þjóð“.
- Fram kom að það mætti alls ekki gerast að hróflað yrði við veiðiréttindum. T.d. væru 4-5 störf til staðar í Veiðivötnum.
- Velt upp spurningum um þær virkjanir sem fyrir eru á svæðinu. Lögð áhersla á að mögulegur þjóðgarður myndi ekki hafa neikvæð áhrif á þá starfsemi. Sveitarfélögin vilja ekki tapa þeim tekjum sem þau hafa af virkjunum.
- Velt upp hvaða/hvort þjóðgarður hefði áhrif á mögulega nýtingu vindorku.
- Á það bent að það væru miklir hagsmunir tengdir ferðaþjónustu á svæðinu og að það þyrfti að huga vel að því hvernig þjóðgarður færi saman með þeim geira.

- Kom fram það sjónarmið að reynsla af samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð (VJP) væri góð en þetta verkefni væri á mun stærri skala og því ekki alveg sambærilegt.
- Fram kom að sveitarfélögin á svæðinu væru að íhuga sameiginlegt svæðisskipulag fyrir þann hluta miðhálandisins sem væri innan þeirra sveitarfélagamarka.
- Ótti er við að missa skipulaghlutverkið.
- Sú skoðun kom fram að stjórnskipan VJP væri ágæt en þó fjarlægari sveitastjórnvaldinu en hefðbundin stjórnskipan þeirra.
- Nefnt að samskipti við VJP varðandi smölun á þeim svæðum sem beitarnýting væri innan eða í nágrenni þjóðgarðsins væru til fyrirmyndar.
- Spurt var „*hvað græðum við umfram það sem við höfum núna?*“
- Bent á að mikilvægt sé að átta sig á hverjir skilmálarnir séu. Það þurfi að liggja fyrir og vera unnið í sameiningu.
- Velt upp þeirri spurningu hvað mögulegir þjónustuaðilar myndu skilja eftir sig.
- Hugtakið skrímslavæðing nefnt. Stór fyrirtæki sem gleypa minni aðila. Mikilvægt að ef stofnaður verður þjóðgarður þá verði mörkuð stefna sem tekur á neikvæðri þróun atvinnuuppbyggingar á nærsvæðunum.
- Ábatinn þyrfti að verða eftir í nærumhverfinu.
- Umræða um samstarf sveitarfélaga/félagasamtaka og ríkis. Umsjónarsamningar við aðila með þekkingu á svæðum, staðkunnugra, þurfi að skoða vel hvernig megi útfæra.
- Velt upp spurningu hvort hálandisþjóðgarður geti skilið meira ábata eftir í nærsamfélagi og dreift betur tekjum en núverandi fyrirkomulag ferðaþjónustu gerir (starfsemi ferðafélaga nefnd í því samhengi).
- Bent á að það fylgja ýmsir jákvæðir hlutir stóru ferðaþjónustufyrirtækjunum sem nýta svæðið. T.d. værir markaðsetning sem svæðið græðir á algjörlega í þeirra höndum og minni aðilar í héraði njóti góðs af því.
- Þau sjónarmið komu fram að aðgangsstýring væri mikilvæg í þjóðgarði.

Innviðir og gáttir:

- Aðgengismál í mögulegan þjóðgarð mega ekki vera þröskuldur.
- Fram kom að margir vegir væru illa farnir á þessum hluta miðhálandisins og það þyrfti að hafa það í huga að hluti þeirra þarfnist lagfæringar.
- Mikilvægt að vegurinn yfir Sprengisand sé lagaður.
- Einnig mikilvægt að hægt verði að leggja línu yfir Sprengisand – mest í jörð.
- Bent á að það vanti verulega innspýtingu fjármuna t.d. í Landmannalaugar og Veiðivötn. Landmannalaugar væru t.d. stærsti ferðamannastaðurinn á þessum hluta hálandisins og mikilvægt að bjóða upp á góða þjónustu þar.
- Fram kom að ef af þessu þjóðgarði verður þá mun hann hafa mikið aðdráttarafli og því þurfi strax að huga að því hvernig öryggi gesta og upplýsingar til þeirra verði tryggt.
- Þarf að hafa í huga að nú þegar sé björgunarfólk í sjálfböðavinnu á miðhálandinu og það sé ekki hægt að auka á þá vinnu með auknu aðdráttarafli í formi þjóðgarðs nema því fylgi fjármagn til að hafa þessa hluti í lagi. Annað muni skapa neikvæðni.
- Bent á að framkvæmdatími á miðhálandinu væri stuttur. Það þyrfti að hafa í huga þegar kæmi að allri innviðaupbyggingu á svæðinu.

Möguleg mörk þjóðgarðs:

- Rætt um miðhálandislínuna svokölluðu sem birtist m.a. í landsskipulagsstefnu og þar áður svæðisskipulagi miðhálandis.
- Nefnt að þegar sú lína var dregin við vinnu um Svæðisskipulags miðhálandisins (sem Landsskipulagsstefna tók við af) hafi verið rætt um að hún gæti breyst í tengslum við þróun varðandi svæðisskipulagsvinnu sveitarfélaga. Nú sé hún hins vegar meitluð í stein.
- Bent var á að miðhálandislínan hefði þ.a.l. truflað ýmsa skipulagsvinnu í héraði.
- Í framhaldi nefnt að miðhálandislínan væri óraunhæf sem mörk fyrirhugaðs hálandisþjóðgarðs.
- Þjóðlendar væru eðlilegri viðmið fyrir þjóðgarð.

- Einnig nefnt að mörkin ættu að liggja vel inn til landsins.
- Þó komu líka fram að þau sjónarmið að sveitarfélög þyrftu að geta undirbúið sig betur í umræðu um mörk þjóðgarðs.
- Nefnt að ef fara eigi í gjaldtöku þá skipti mörk þjóðgarðs máli.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 12:05.

15. febrúar, 2019

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar: <https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögunum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mgr. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekk <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinar Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



Óli Halldórsson, formaður nefndar

Fundur sveitastjórna og hagaðila með þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

14. janúar 2019, Sauðárkróki kl. 13:00

Með fulltrúum Eyjafjarðarsveitar, Akrahrepps, Sveitarfélagið Skagafjörður

Fundinn sátu:

Eyjafjarðarsveit: Finnur Yngvi Kristinsson, Sigríður Bjarnadóttir.

Akrahreppur: Hrefna Jóhannesdóttir

Skagafjörður: Sigfús Ingi Sigfússon, Stefán Vagn Stefánsson, Ragnheiður Halldórsdóttir, Gísli Sigurðsson, Inga Katrín D. Magnúsdóttir

Þverpólítísk nefnd: Margrét Hallgrímsdóttir, Óli Halldórsson, Vilhjálmur Árnason. Steinar Kaldal, starfsmaður nefndar/umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Óli Halldórsson stýrði fundinum og fundarpunkta ritaði Steinar Kaldal.

Til fundarins var boðað af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Óskað var eftir fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga til viðræðna og jafnframt að sveitarfélögin boðuðu þá hagaðila sem þau kysu til fundarins. Í upphafi fundar var greint stuttlega frá starfi nefndarinnar og skyldum hennar. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að skila tillögum að útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í október 2019. Fundur þessi er liður í röð átta sams konar funda sem haldnir eru umhverfis miðhálandið um land allt í janúar 2019.

Fundarpunktar

Almennt – viðhorf/aðstæður/hagsmunir:

- Fram kom að umræða um væntanlegan þjóðgarð hefði ekki verið mikil á svæðinu.
- Bent á að sveitarfélögin horfðu til þess að halda sínum rétti. Vísað til niðurstaðna varðandi þjóðlendurnar, að það verði horft til þeirra réttinda sem sveitarfélögin fengu þá.

- Það er sauðfjárbætt alveg inn Eyjafjarðardalinn og leitir alveg inn að Laugafelli.
- Akrahreppur nýttir ekki stóran hluta síns svæðis á miðhálandinu til upprekstrar.
- Virkjanamál tengd rammaáætlun rædd mikið. Sumir fylgjandi virkjun í Jökulsánum í Skagafirði en aðrir á móti. Áhrifasvæði hluta þessara virkjanaframkvæmda yrði á hálandinu. Fólk veltir fyrir sér áhrifum þjóðgarðs á virkjanaáfom.
- Afréttarmál og ferðamennska eru stór hagsmunamál í Skagafirði. Það þarf að gera ráð fyrir þessum geirum í þjóðgarði.
- Umræða um skipulagshlutverk sveitarfélaga – áhersla lögð á mikilvægi þess fyrir sveitarfélög.
- Þessu verkefni þurfa að fylgja þjónustumiðstöðvar. Það er mikilvægt að bjóða upp á upplýsingagjöf handa gestum.
- Þetta landsvæði getur tekið við fleiri ferðamönnum. Ef þjóðgarður getur ýtt undir það þá er það jákvætt.

Innviðir og gáttir:

- Sívaðandi umferð inn í Laugafell (úr Skagafirði, Eyjafirði og Bárðardalnum). Því fylgir aukið álag á umhverfi og vegi og Laugafell. Brýnt að huga að innviðum. Ferðafélag Akureyrar rekur starfsemi á Laugafelli.
- Austurdalurinn er mikið nýttur til útivistar, t.d. flúðasiglinga og gönguferða. Þar er mikilvægt að aðgengi sé tryggt að mati heimafólks en jafnframt að á því sé einhver stýring.
- Dalurinn er inn á DMP plani (áfangastaðaáætlunar-vinnu sveitarfélaga).
- Fram kom að sveitarfélögin þurfi að vinna að svæðisskipulagi í Austurdalnum.
- Bent var á að samgöngur þyrftu að vera tryggðar og að það yrði gríðarleg bylting að fá góðan hálandisveg yfir Sprengisand sem myndi tengja Norðurland og Suðurland. Einnig myndi það hjálpa til við að dreifa ferðamönnum.
- Fram kom að mismunandi skoðanir væru á vegaframkvæmdum á miðhálandinu - þ.e.a.s. hvað og hversu mikið ætti að gera í vegaúrbótum.

- Fram kom að öflugar gáttir þyrftu að vera inn í þjóðgarð á miðhálandinu. Þær þyrftu að virka sem seglar fyrir ferðamenn. Það þyrfti að auglýsa og markaðsetja slíkar gáttir.
- Upplifunarferðamennska er að vaxa mikið. Þjóðgarður á miðhálandinu þarf að draga fram sérstöðu hvers landsvæðis og bjóða þjónustu allan hringinn.
- Innviðaupbygging þarf að vera fjölbreytt. Ekki bara fyrir akandi heldur líka gangandi, fólk á hestum, o.s.frv. Það þarf að byggja upp leiðakerfi.
- Hestamennska og menningin í kringum hana er til dæmis mjög sterk á þessu landsvæði og gæti verið ákveðinn segull (sérstaða) sem hægt væri að gera út á með tilheyrandi innviðum og þjónustu.

Möguleg mörk þjóðgarðs:

- Spurt um aðrar útfærslur þjóðgarðs, s.s. staka þjóðgarða í kringum jökla miðhálandisins. Því til svarað að nefndin vinni út frá þjóðgarði sem væri undir einni skipulagsheild fyrir hálandið.
- Fram kom að réttast væri að horfa til þjóðlenda innan miðhálandislínunnar þegar mörk þjóðgarðs væru rædd.
- Fram kom að jarðir innan svokallaðrar miðhálandislínu sem ekki væru þjóðlendur væru meira og minna í einkaeign og að það væri óraunhæft að sjá þær fyrir sér innan þjóðgarðs.
- Þó kom líka fram að það væru virkjanahugmyndir á þjóðlendum á þessu svæði sem væru til umræðu í Rammaáætlun (RÁ) og það hefði áhrif á skoðanir fólks.
- Einnig væri Blöndulundur (vindorka) í jaðrinu og í nýtingarflokki RÁ. (Ath.: Blöndulundur er utan miðhálandislínu).

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14:45.

15. febrúar, 2019

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar: <https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögunum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mgr. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekk <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinars Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



Óli Halldórsson, formaður nefndar

Fundur sveitastjórna og hagaðila með þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

17. janúar 2019, Selfossi kl. 13:00

Með fulltrúum Árborgar, Flóahrepps, Skeiða og Gnúpverjahrepps

Fundinn sátu:

Árborg: Gísli Halldór Gíslason, Sigurjón Vídalín Guðmundsson

Flóahreppur: Eydís Þ. Indriðadóttir, Árni Eiríksson, Ingunn Jónsdóttir,

Skeiða og Gnúpverjahreppur: Kristófer Einarsson, Ingvar Hjálmarsson

Magnús Valur Sveinsson, formaður Ferðaklúbbsins 4x4 Suðurlandi

Guðjón Stefánsson, í stjórn 4x4

Reynir Þór Jónsson, Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða

Lilja Loftsdóttir, afréttarmálanefnd Gnúpverjaafréttar

Arisson? Byggingar- og skipulagsnefnd ?

Þverpólítísk nefnd: Óli Halldórsson, Vilhjálmur Árnason.

Steinar Kaldal, starfsmaður nefndar/umhverfis- og
auðlindaráðuneytisins.

Óli Halldórsson stýrði fundinum og fundarpunkta ritaði Steinar Kaldal.

Til fundarins var boðað af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Óskað var eftir fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga til viðræðna og jafnframt að sveitarfélögin boðuðu þá hagaðila sem þau kysu til fundarins. Í upphafi fundar var greint stuttlega frá starfi nefndarinnar og skyldum hennar. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að skila tillögum að útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í október 2019. Fundur þessi er liður í röð átta sams konar funda sem haldnir eru umhverfis miðhálandið um land allt í janúar 2019.

Fundarpunktur

Almennt – viðhorf/aðstæður/hagsmunir:

- Fram kom það sjónarmið að þrátt fyrir góða vinnu nefndar þar sem lögð er áhersla á samráð þá væri samt tortryggni til staðar varðandi verkefnið.
- Lögð rík áhersla á upprekstrarrétt og beitarmál. Það væru fyrst og fremst þessi beinu réttindi sem mætti ekki hrófla við.
- Ferðafrelsið líka nefnt sem áherslumál.
- Lögð áhersla á að skipulagshlutverk sveitarfélaga verði áfram hjá þeim. Mikilvægt sveitarfélögunum svo þau geti haft frumkvæðið í skipulagsmálum.
- Fram kom ótti við að regluverkið í svona stórum garði myndi hægja á að koma ýmsum skipulagsmálum áfram.
- Lögð áhersla á að heimamenn kæmu að vinnu varðandi stjórnar- og verndaráætlun. Einnig bent á að slík áætlun ætti jafnvel að heita stjórnar- og nýtingaráætlun.
- Fram kom það sjónarmið að í stofnun miðhálandisþjóðgarðs fælust fjölmörg tækifæri og að sveitarfélögin gætu séð hag í því að vinna saman að ýmsum málum á svæðinu en í því samhengi væri mjög mikilvægt að sveitarfélögin gætu haft frumkvæðið.
- Lögð áhersla á að þeir sem fari með ákvörðunartöku á svæðinu núna þyrftu að geta gert það áfram og komið beint að ákvörðunum.. T.d. einhvers konar sveitastjórnarráð/-nefnd sem hefði aðkomu og væri meðvitað um allar ákvarðanir. Fulltrúar yrðu kosnir í þessar nefndir.
- Bent á að allur kostnaður af girðingum, húsum, smalamennsku er í höndum bænda og að 4x4 sæi um slóða og viðhald þeirra á svæðinu. Þetta stæði fólki nærri og ef þetta yrði ekki áfram þeirra þá myndi fólk missa tengslin.
- Bent á að mikilvægt væri að fá fólk sem á hagsmuna að gæta til að taka þátt í landvörslu o.fl. – ekki bara fá fólk annars staðar að í þau verkefni.
- Rætt um mögulega umsjónarsamninga vegna verkefna við gæslu eða umhirðu lands og sagt að það gæti verið skynsamleg og jákvæð leið.
- Spurt hvort virkjanahugmyndir á svæðinu yrðu útilokaðar með stofnun þjóðgarðs. Vísað til hugmynda um virkjun og lón í Stóru Laxá. Fram koma andstaða gegn þeirri hugmynd. Því til svarað að stórar virkjanaframkvæmdir samræmdust ekki því að gera svæði að þjóðgarði.

- Fram kom sú skoðun að Þjóðgarðastofnun ætti að vera staðsett á svæðinu.
- Velt vöngum yfir því hvort þessi þjóðgarður yrði of íþyngjandi gagnvart ýmis konar nýtingu í framtíðinni. Þyrfti að varast að loka á dyr.
- Nefnt að mjög mikilvægt væri að skilgreina atvinnustefnu í þjóðgarðinum.
- Fram kom það sjónarmið að hálendisþjóðgarður yrði stofnaður, það lægi fyrir og því þyrftu sveitarfélög að nýta sér það, fá fjármagn til ýmissa verkefna, s.s. landgræðslu, innviðagerðar o.fl. Það væri ekki hægt ef þau væru á móti þjóðgarði og kysu að standa utan garðsins.

Innviðir og gáttir:

- Bent á að björgunarmiðstöð sem verið er að byggja á svæðinu muni gegna lykilhlutverk í væntanlegum þjóðgarði á miðhálandinu.
- Fram kom áhersla á að slóðum yrði ekki lokað.
- Spurt um byggingarframkvæmdir, leyfi fyrir slíku og fleira og hverra væri að taka ákvarðanir um slíkt í þjóðgarði.
- Bent á að aðkomuleiðir þyrftu að vera greiðar og með sama hætti og hefur verið.
- Skipulagshlutverk sveitarfélaga nefnt og mikilvægi þess að þau geti haldið áfram að vinna að vegaúrbótum á svæðinu.
- Fram kom að á þessum hluta miðhálandisins væru mörg hús sem fremur fámennir hópar nota. Það mætti ekki koma í veg fyrir að þessir hópar gætu áfram nýtt þessi hús þó þau væru innan þjóðgarðs. M.a. væru fimm hús í notkun á hálendissvæði Skeiða- og Gnúpverjahrepps (fjögur rekin af sveitarfélagi og eitt af 4x4).
- Fundaraðilar spurðu hvort búið væri að setja niður hversu mörg rekstrarsvæði ættu að vera innan þjóðgarðsins. Því til svarað að nefnd væri ekki búin að gera það og væri raunar að leita samráðs um það eins og annað.
- Spurt varðandi ávinning, hvort það væri ekki eðlilegt að byggja upp öflugar þjónustumiðstöðvar við núverandi aðkomuleiðir á miðhálandinu.
- Fram kom það sjónarmið að á hálendinu þyrfti að vera öflugur hálendisvegur.
- Nefnt að mikilvægt væri að hafa staðlaðar upplýsingar (skilti, o.fl.) sem fólk tæki mark á. Þurfa að vera góðar upplýsingar í stöðluðu formi í nafni þjóðgarðsins.

Möguleg mörk þjóðgarðs:

- Fram kom það sjónarmið að umræða varðandi mörk þyrfti að vera skýrari. Það þyrfti að liggja fyrir um hvaða útlínur væri að ræða. Fulltrúar nefndar bentu á að fundurinn væri m.a. haldinn til að ræða um möguleg mörk og fá fram sjónarmið um þau og því væri nefnd ekki búin að koma fram með tillögur.
- Fram kom að þegar mörk þjóðgarðs yrðu afmörkuð yrði líklegra til árangurs að fylgja þjóðlendulínunni frekar en miðhálandislínunni.
- Bent á að það myndi auðvelda vinnuna að horfa til þjóðlendulínunnar.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15:00.

15. febrúar, 2019

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar: <https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögunum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mgr. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekk <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinars Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



Óli Halldórsson, formaður nefndar

Fundur sveitastjórna og hagaðila með þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

22. janúar 2019, Selfossi kl. 14:00

Með fulltrúum Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Grímsnes og Grafningshrepps

Fundinn sátu:

Bláskógabyggð: Guðrún S. Magnúsdóttir, Helgi Kjartansson, Ásta Stefánsdóttir.

Hrunamannahreppur: Jón S. Valgeirsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Björgvin Ólafsson, Daði Geir Samúelsson.

Grímsnes og Grafningshreppur: Ása Valdís Árnadóttir, Ingibjörg Harðardóttir,

Þverpólítísk nefnd: Óli Halldórsson,
Steinar Kaldal, starfsmaður nefndar/umhverfis- og
auðlindaráðuneytisins.

Óli Halldórsson stýrði fundinum og fundarpunkta ritaði Steinar Kaldal.

Til fundarins var boðað af þverpólítískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Óskað var eftir fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga til viðræðna og jafnframt að sveitarfélögin boðuðu þá hagaðila sem þau kysu til fundarins. Í upphafi fundar var greint stuttlega frá starfi nefndarinnar og skyldum hennar. Fyrir liggur að nefndinni er ætlað að skila tillögum að útfærslu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands í október 2019. Fundur þessi er liður í röð átta sams konar funda sem haldnir eru umhverfis miðhálandið um land allt í janúar 2019.

Fundarpunktar

Almennt – viðhorf/aðstæður/hagsmunir:

- Fram kom ábending um að sveitarfélögin á svæðinu væru með nýjar eða nýlegar aðalskipulagsáætlanir þar sem stefna og afstaða sveitarfélaganna hafi verið mörkuð, m.a. upp á hálandið.

- Á svæðinu öllu er mikil landgræðsla, veiði og beit. Þung áhersla á að það verði ekki hróflað við þessu.
- Fram kom að fólk kærði sig ekki um stofnun hálendisþjóðgarðs.
- Athugasemd gerð við að kjörnir fulltrúar í nefnd væru ekki á fundinum.
- Fram komu þau sjónarmið að óþarfi væri að breyta fyrirkomulagi varðandi miðhálendið. Vilji væri til að halda því eins og það er, enda væri það í góðum málum.
- Bent á að verið væri að græða landið upp og bæta við landgræðslusvæðum, merkja reiðleiðir. Það væri t.d. unnið í góðri samvinnu við Landssamband hestamanna. Öll vinnan væri gefin og eini kostnaðurinn væri vegna skiltagerðar.
- Reiðleiðir hafa allar verið merktar á Biskupstungnafrétti og sett upp fjögur stór upplýsingarskilti við helstu áningarstaði. Með þessu hefur umferð verið stýrt af viðkvæmu svæðum, auknum upplýsingum komið til þeirra sem ferðast um hálendið og öryggi þeirra bætt til muna. Verkefnið var unnið í góðu samstarfi við Landsamband hestamannafélaga og allt unnið í sjálfböðavinnu, eini kostnaðurinn var framleiðsla skiltanna. Einnig var sett ný göngubrú á Svartá sl. sumar til að bæta öryggi gangandi ferðamanna, það verkefni var allt unnið í sjálfböðavinnu af heimamönnum.“
- Í Bláskógabyggð væru þrjár skálar reknir af heimamönnum og fjórir af Ferðafélagi Íslands.
- Einnig skálar í Hrunamannahreppi og Grímsnes og Grafningshreppi sem notaðir eru í fjallamennsku og smalamennsku.
- Mikið um jeppa- og sleðaferðir í Grímsnes og Grafningshreppi, líka á veturna.
- Mikil áhersla lögð á að á svæðinu er öflug ferðapjónusta.
- Einnig mikil beitaréttindi á svæðinu og öflug veiðifélög.
- Umræða um þróun einhvers konar umsjónarsamninga við heimaaðila varðandi svæði innan mögulegs hálendisþjóðgarðs. Nefnt að það gæti verið áhugavert að skoða útfærslu á slíkum samningum.
- Félagið Ársæll nefnt. Félagið væri að vinna að uppbyggingu gamalla gangnamannahúsa. Gott starf unnið þar í samvinnu við Hrunamannahrepp.

- Umræða um virkjanahugmynd í Stóru Laxá (í biðflokki 3. Áfanga rammaáætlunar). Fram kom að það væri ekki vilji til að fara í þá virkjun.
- Lögð áhersla á að núverandi tekjur sveitarfélaga af leigum á þjóðlendum haldi sér.
- Fram kom að samstarfið við forsætisráðuneytið vegna þjóðlenda væri ágætt og ef ætti að breyta því þá þyrfti eitthvað betra að koma í staðinn.
- Bent á að það þurfi að fylgja þessu verkefni fjármagn. Það sé stór óvissuþáttur.
- Fram komu sjónarmið um að skynsamlegra væri að nýta fjármagn sem á að fara í þetta verkefni í önnur brýnari náttúruverndarverkefni.
- Áhyggjur eru vegna fyrirkomulags stjórnskipulags í svona stórum þjóðgarði.
- Áhersla á að sveitarfélögin þurfi að koma beint að rekstri og umsjón á svæðinu ef af þessu verði.
- Ef fylgja ættu atvinnutækifæri fyrir menntað ungt fólk þá þyrftu störf vegna mögulegs þjóðgarðs að vera á svæðinu.
- Líka bent á að á svæðinu væru næg atvinnutækifæri. Og í framhaldinu á því bent á að kannski sneru aðaláhbyggjurnar að því hvort of margir ferðamenn væru á svæðinu.

Innviðir og gáttir:

- Fram kom að megingátt inn í mögulegan þjóðgarð væri nokkuð augljós við Gullfoss ef ætti að setja upp þjónustumiðstöðvar fyrir þjóðgarðinn.
- Sterk áhersla lögð á Kerlingarfjöll og vinnuna sem hefur átt sér stað þar í samvinnu við Fannborg. Lykilatriði að þar verði sterk hálendismiðstöð með góðum innviðum sem þjóðgarður gæti styrkt. Búið að vinna mikla og góða vinnu varðandi svæðið í aðalskipulagsvinnu Hrunamanna.
- Áhersla lögð á að Kjalvegur væri anddyri inn í hálendið og að þann veg þyrfti að byggja upp. Vegurinn væri meginleið inn á afréttinn og tenging við Norðurlandið. Væri í raun forsendan fyrir allri starfsemi á svæðinu.
- Fram kom varðandi Kjalveg þá snerist þetta ekki um að byggja upp hraðbraut yfir Kjöl en það væri nauðsynlegt að byggja hann eitthvað upp og koma á hann bundnu slitlagi þó áhersla væri á að hann fylgdi landslagi.

- Einnig væri nauðsynlegt að viðhalda aðgengi að námum á miðhálandinu. Þær væru notaðar til vegalagfæringa.
- Fram kom að unnið væri að slóðaverkefni í Hrunamannahreppi. Verið væri að greina slóða og umferð með tilliti til stýringar á slóðunum.

Möguleg mörk þjóðgarðs:

- Einnig kom fram að óraunhæft væri að horfa til miðhálandislínunnar þegar mörk væru ákvörðuð.
- Fram kom að engin sátt gæti orðið um að fara neðar með mörk þjóðgarðs en um þjóðlendulínu.
- Fram kom einnig sú skoðun að mörk ættu að liggja við sveitarfélagamörk.
- Fulltrúar sveitarfélaga taka fram að mörk þjóðgarðs þarfnist frekari skoðunar.
- Í því samhengi þyrfti t.d. að skoða Hrunaheiðina sem er fyrir neðan miðhálandislínu en sé þjóðlenda.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 16:00.